# Gjörðabók bæjarstjórnar 1877-1886

## Aðfnr. 11, 1. hluti

Gjörðabók bæjarstjórnar 1877-1878


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók bæjarstjórnar
1877
:
1886

.077.5 - .075.1
Aðfnr. 11.

SKJAL
REYKJAV... BÆJAR

SKJALASAFN BÆJARINS

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN BÆJARINS

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/1485

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
11.

Bók þessi, sem inniheldr 568 – fimm hundruð sextíu og átta – blaðsíður, gegnumþræddar og innsiglaðar með innsigli landshöfðingja, löggildist til að vera

gjörðabók

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 4. október 1877.

Hilmar Finsen

Jón Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Ár 1877, fimmtudaginn 4. dag októbermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Formaður lagði þá fram áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins fyrir árið 1878, og var hún samkvæmt tilskip. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. april 1872 tekin síðan til fyrri umræðu.

2. Lögreglusjónarnir biðja í brjefi, dags. 2. þ., um 200 kr. viðbót árlega úr bæjarsjóði við laun sín. Ákveðið var, að leggja brjef þetta með áætluninni, og gæti hver fulltrúi tekið sjer breytingaratkvæði um það.

3. Jón Björnsson í Ánanaustum spyr, hvort hann fái eigi barn í skólann fyrir sama kaup, og upphaflega var. Ákveðið var að veita honum eigi afslátt.

4. Pjetur Gíslason ~~biður um~~ spyr hið sama fyrir 2 eða 3 börn, og var því neitað.

5. Guðmundur Gíslasonar biður enn um linun í kennslukaupi fyrir eitt barn, og var honum veitt 5 króna linun.

6. Sjera Hallgrímur biður í brjefi dags. 4. þ. m. um kauplausa kennslu handa Pjetri, syni Þórðar Stefánssonar, og Halldóri, syni söðlasmiðs Halldórs Jónatanssonar, og var það samþykkt.

7. Formaður skýrði frá, að Páll Eyjólfsson væri fús á, að samþykkja, að túnblettur sá, sem hann hefur, Neðraholtsbletturinn, væri boðinn upp í haust, og var ákveðið að bjóða blettinn upp til erfðafestu. ~~[illegible]~~ Ákveðið var og, að bjóða upp Austurvöll nú í haust til 4 ára.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Formaður bar þá upp, hvort gjöra skyldi við skólavörðuna, og var það samþykkt.

9. Árni Thorsteinson bar upp, hvort eigi væri ástæða til, að rita landshöfðingja, og biðja hann að sjá um, að stúlkur þær, sem nytu tilsagnar á kvennaskólanum, hjeðan úr bænum, nytu jafnrjettis við stúlkur utan úr landi, þar sem fje væri veitt til hans úr landssjóð, og landshöfðinginn hefði lýst því yfir, að hann mundi semja reglugjörð fyrir skólann, og var það samþykkt.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen   Magnús Stephensen.   Á. Thorsteinson   H. Kr. Friðriksson

Einar Þórðarson   Ólafsson   G. Þórðarson   Joh. Ólsen

Ár 1877 hinn 16. Oktober á hádegi var á bæjarþingstofunni haldinn kjörfundur af undirskrifaðri kjörstjórn til þess samkvæmt tilskipun 20. April 1872 að kjósa 1 mann til 3 ára í niðurjöfnunarnefnd í stað Magnúsar Þorkelssonar á Grímsstöðum, sem farinn er úr lögsagnarumdæminu. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með auglýsingu dags. 9. þ. m. og bumbuslátt í dag 1/2 stund á undan fundinum. Auglýsingin er svohljóðandi. Kjörskráin hefur legið til sýnis á bæjarþingsstofunni yfir 14 daga. Umkvörtun um hana hefur enginn komið. Kosningin fór síðan fram á þessa leið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| No. | Nöfn kjósenda | Nöfn hinna kosnu |
|---|---|---|
| 1. | Alexíus Árnason húseigandi | |
| 2. | Árni Björnsson, Melshús | |
| 3. | — Björnsson, lögr. þjónn | |
| 4. | — Gíslason, fyrr — | |
| 5. | — Helgason Grjóta | |
| 6. | Bergur Þorleifsson söðlasmiður | |
| 7. | — Thorberg, amtmaður | svá Hallgrímur Sveinsson |
| 8. | Benedikt Ásgrímsson, gullsm. | |
| 9. | — Gröndal, adjunkt | |
| 10. | Bergsveinn Þorvaldsson tómthm. | |
| 11. | Bernhöft D. Bakari — | |
| 12. | Bjarni Bjarnason, fát. stjóri | |
| 13. | — Björnsson, Þingholti | |
| 14. | — Dagsson, tómthm. | |
| 15. | — Einarsson Grímsbæ | |
| 16. | — Halldórsson tómthm. | |
| 17. | — Jónsson, skósmiður | |
| 18. | — Oddsson, Garðhúsum | |
| 19. | — Símonarson, tómthúsm. | |
| 20. | Bjering P. Assistent — | svá Hallgrímur Sveinsson. |
| 21. | Björn Árnason, gullsmiður | |
| 22. | — Guðlaugsson Bakka | |
| 23. | — Guðmundsson múrari | |
| 24. | — Hjaltested járnsmiður | |
| 25. | — Jónsson, ritstjóri | |
| 26. | Brynjólfur Oddsson bókbindari | |
| 27. | Daníel Símonarson, söðlari | |
| 28. | Egill Egilsson borgari — | svá Hallgrímur Sveinsson |
| 29. | — Gunnlaugss. Arabæ | |
| 30. | — Jónsson bókbindari | |
| 31. | Einar Árnason Tóptum | |
| 32. | — Egilsson, ~~tat~~ tómthúsm. | |
| 33. | — Guðmundsson, Ullst. | |
| 34. | — Ingimundarson, Skálh. Lóð | Alexíus Árnason |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. | Nöfn gjörenda. | Nöfn hinna kosnu. |
|---|---|---|
| 35. | Einar Jafetsson, verzlunarstjóri | Alexius Árnason. |
| 36. | — Jónsson, snikkari | sami |
| 37. | — Sigvaldason, Hábolti | |
| 38. | — Þórðarson, prentari | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 39. | — Þorsteinsson, Arnarholti. | |
| 40. | Eiríkur Ásmundsson Grjóta | |
| 41. | — Sveinsson Þingholti | |
| 42. | Erlendur Hannesson Mel | |
| 43. | Eyjólfur Þorkelsson gullsmiður | |
| 44. | — Þorvaldsson — | |
| 45. | Eyþór Felixson verzlunarm. — | |
| 46. | Eyvindur Jónsson Hala | |
| 47. | Finsen, Hilmar, landshöfðingi | |
| 48. | — O. P. póstmeistari | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 49. | Friðrik Kristjánsson, Görðunum | |
| 50. | — Guðmundsson, bókbindari | |
| 51. | Geir Zoëga, glerskeri, Dbrm. | |
| 52. | Gísli Björnsson, Bakka — | |
| 53. | — Guðmundsson Hák. bæ. | |
| 54. | — Jónsson Nýlendu — | |
| 55. | — Magnússon, adjunkt — | |
| 56. | — Stefánsson Melbýli — | |
| 57. | — Jónasson, Hlíðarhúsastíg | |
| 58. | — Þorsteinsson, Steinskoti. | |
| 59. | Grímur Gissurarson Ánanaustum | |
| 60. | Guðm. Erlendsson Hlíðarhúsum | |
| 61. | — Gíslason, tómthúsm. | |
| 62. | — Guðmundsson, skóari | |
| 63. | — — Vegghúsum | |
| 64. | — — Sauðagerði. | |
| 65. | — Ingimundsson vaktari | |
| 66. | — Jóhannesson, járnsmiður | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 67. | — Jónsson, Brekku | |
| 68. | — — , snikkari | |
| 69. | — — Hlíðarhúsum | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. | Nöfn kjósenda | Nöfn hinna kosnu |
|---|---|---|
| 70. | Guðm. Pálsson, Prokurator | |
| 71. | — Þórðarson, bæjarfulltrúi | |
| 72. | Gunnl. Halldórsson tómthm. | |
| 73. | Hafliði Guðmundsson, Assistent | |
| 74. | Halldór Kr. Friðriksson, yfirk., bæjarft. | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 75. | — Guðnason, Bráðræði | |
| 76. | — Guðmundsson, Adjunkt | |
| 77. | — Sigurðsson, Litlu Grund | |
| 78. | Hallgrímur Sveinsson, dómkirkjuprestur | |
| 79. | Hannes Árnason Docent | |
| 80. | — Hansson, Steinholti | |
| 81. | Hans Jónsson Hlíðarhúsum | |
| 82. | Helgi Helgason, kennari | |
| 83. | — Helgason, snikkari | |
| 84. | — Hálfdánarson, Docent | |
| 85. | — Jónsson, snikkari | |
| 86. | — Nikulásson, Götuhúsum | |
| 87. | Hermann Einarsson, Brekku | |
| 88. | Hinrik Árnason, tómthúsm. | |
| 89. | Hjaltalín J. Dr. med., Landlæknir | |
| 90. | Ingim. Sigurðsson Bakka | |
| 91. | Ívar Jónatansson, Litlaseli | |
| 92. | Jakob Sveinsson snikkari | |
| 93. | Jakobsen, J. skóari | |
| 94. | Jens Jóhannesson, vaktari | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 95. | — Ólafsson, tómthm. | |
| 96. | Jensen, E. bakari | |
| 97. | Jóhann Árnason, skóari | |
| 98. | Jóhannes Jónsson snikkari | Alexius Árnason. |
| 99. | — Olsen, bæjarfulltrúi | séra Hallgrímur Sveinsson |
| 100. | Zoëga J. Nýbæ | |
| 101. | Johannesen M. faktor | |
| 102. | Jónas Helgason, smiður | |
| 103. | — Jónsson, Miðholti | |
| 104. | — Jónsson, Hlíðarhúsum | |
| 105. | Jonassen, J. læknir | |
| 106. | — Th. Konferentsráð | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. | Nöfn kjósenda. | Nöfn hinna kosnu. |
|---|---|---|
| 107. | Johnsen, H. St. kaupm. | eru Hallgrímur Sveinsson |
| 108. | — — Símon — | sami |
| 109. | — — Steingr. kennari | sami |
| 110. | Jón Árnason, inspektor | |
| 111. | — Ámundason, snikkari | |
| 112. | — — verzlunarm. | |
| 113. | — Björnsson, Árnanaustum | |
| 114. | — Borgfirðingur, lögregluþj. | |
| 115. | — Guðmundsson Hlíðarhúsum | |
| 116. | — Guðnason Seli | |
| 117. | — Guðmundsson Hala | |
| 118. | — Halldórsson gjaldkeri | |
| 119. | — — Sjáfargötu | |
| 120. | — O. V. Jónsson, faktor — | |
| 121. | — Jónsson, járnsmiður — | |
| 122. | — — skipasmiður | |
| 123. | — — Steinum | |
| 124. | — — ritari | |
| 125. | — Oddsson, hafnsögum. | |
| 126. | — Oddsson, Mýrarholti | |
| 127. | — Ólafsson, Finnbogabæ | |
| 128. | — —, Hlíðarhúsum | |
| 129. | — — Holti | |
| 130. | — Pálsson, faktor — | |
| 131. | — — Hjalagsgarði — | |
| 132. | — Pjetursson, yfirdómari | |
| 133. | — Sigurðsson, tómthúsm. | |
| 134. | — Steffensen, verzlunarm. | |
| 135. | — Þorbjörnsson, silfursm. | |
| 136. | — Þórðarson, Hákoti | |
| 137. | — — Árnanaust. | |
| 138. | — — Hlíðarhús. | |
| 139. | — Þorkelsson, Rektor — | |
| 140. | — — Götuhúsum — | |
| 141. | — Þórarinsson, Sauðagerði | |

| Tölul. |
|---|
| 142. |
| 143. |
| 144. |
| 145. |
| 146. |
| 147. |
| 148. |
| 149. |
| 150. |
| 151. |
| 152. |
| 153. |
| 154. |
| 155. |
| 156. |
| 157. |
| 158. |
| 159. |
| 160. |
| 161. |
| 162. |
| 163. |
| 164. |
| 165. |
| 166. |
| 167. |
| 168. |
| 169. |
| 170. |
| 171. |
| 172. |
| 173. |
| 174. |
| 175. |
| 176. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala. | Nöfn gjörenda. | Nöfn hinna kosnu. |
|---|---|---|
| 142. | Knudsen, L. bókbindari — | |
| 143. | Kristinn Ólafsson, Steinum | |
| 144. | Kristján Gíslason, Görðunum | |
| 145. | — Guðmundsson Þinghl. | |
| 146. | Lambertsen G. kaupmaður | Alexíus Árnason. |
| 147. | Lárus Sveinbjörnsson, bæjarfógeti | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 148. | Ludvig Alexíusson, Smiðjuholti | |
| 149. | Lárus Þórðarson, Grjóta | |
| 150. | Magnús Árason, Þingholti | |
| 151. | — Árnason, Hlíðarhús | |
| 152. | — —, snikkari | |
| 153. | — Bergsteinsson, trésmiður | |
| 154. | — Einarsson, Melkoti | |
| 155. | — Guðmundsson, Bakka | |
| 156. | — — hringjari | |
| 157. | — Jónsson, Bráðræði — | |
| 158. | — Magnússon frá Rufsjakoti. | |
| 159. | — Ólafsson, snikkari. — | |
| 160. | — Stefánsson, Steinakoti | |
| 161. | — Stephensen, assessor, bæjarfltr. | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 162. | — Torfason, assistent | |
| 163. | — Vigfússon, Mosfelli | |
| 164. | — Þórðarson, Hlíðarhús. | |
| 165. | Markús Bjarnason, skipstjóri | |
| 166. | Matthías Jochumsson, ritstjóri | |
| 167. | — Markússon, snikkari | |
| 168. | Melsted, P. Prokurator | |
| 169. | — S. Lektor theol. | |
| 170. | Möller Chr. gestgjafi | |
| 171. | — O. P. kaupmaður | |
| 172. | Níels Eyjólfsson, Klöpp | |
| 173. | Nikulás Jafetsson, gestgjafi | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 174. | — Sigvaldason, Þingholti | |
| 175. | Olsen Guðlaugsson, Þingholti | séra Hallgrímur ~~Sveinsson~~ |
| 176. | — Guðmundsson, Stöðvard | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. | Nöfn kjósenda. | Nöfn hinna kosnu. |
|---|---|---|
| 177. | Ólafur Ólafsson, bæjarfulltrúi | |
| 178. | — —, Lækjarkoti | |
| 179. | — Steingrímsson, Seli | Alexius Árnason. |
| 180 | Páll Eyjólfsson, gullsmiður | Sami |
| 181. | — Jóhannesson, Amtskrifari | |
| 182. | Pjetur Gíslason, Ánanaust | |
| 183. | — Pjetursson, biskup | |
| 184. | — —, bókhaldari | |
| 185. | Robb, H. Kaupmaður | síra Hallgrímur Sveinsson. |
| 186. | Runólfur Guðbrandsson, Sauðag. | |
| 187. | — Jónsson, Arabæ | |
| 188. | Siemsen, E. Konsúl | |
| 189. | Sigfús Eymundsson, Ljósmyndari | |
| 190. | Sigurður Eiríksson, Hlíðarhús | |
| 191. | — Hansson, múrari | |
| 192. | — Jónsson, umrj. m. | Alexius Árnason. |
| 193. | — — Leptrbæ | |
| 194. | — — ‡ Skuggahverfi | |
| 195. | — — járnsmiður | |
| 196. | ‡ — Sigurðsson Litl. h. | |
| 197. | — — Steinsholti | |
| 198. | — Símonarson, skipstjóri | |
| 199. | — Vigfússon, gullsmiður | |
| 200. | — Þórðarson, Hlíðarhús | |
| 201. | Stefán Björnsson, Ofanleiti | |
| 202. | — Helgason, Melkoti | |
| 203. | — Stefánsson, Miðbýli | |
| 204. | Sveinn Bjarnarson, Sauðagerði | |
| 205. | — Ingimundarson, Seli | |
| 206. | — Jónsson, snikkari | |
| 208. | — Melsteð, prófastur, R. | |
| 209. | Titus Finnbogason dýralæknir, dbm. | síra Hallgrímur Sveinsson |
| 210. | Torfi Jónsson, Hákonarbæ | |
| 211. | — Magnússon, verzlunarmaður | |
| 212. | — Þorgrímsson, prentari | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. | Nöfn kjörenda. | Nöfn hinna kosnu. |
|---|---|---|
| 213. | Thorsteinson, Á. landfógeti | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 214. | ——— Stgr. Adjunkt | |
| 215. | Valdi Valdason, Skálabæ ——— | |
| 216. | Valgarður Breiðfjörð snikkari | |
| 217. | Vigfús Guðnason, Kristjánshús | |
| 218. | Waage, E. bókhaldari ——— | |
| 219. | Zimsen, N. Faktor ——— | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 220. | Þórður Árnason, sótari ——— | |
| 221. | ——— Guðmundsson, Grænut. | |
| 222. | ——— Torfason, Vigfúsarkot. | |
| 223. | Þorsteinn Jónath.s. Laugum. | |
| 224. | Þorkell Gíslason, snikkari ——— | |
| 225. | Þorkell Þórðarson, Grjóta ——— | |
| 226. | Þorlákur Johnson, verzlunarm. | |
| 227. | Þorsteinn Jónsson, Stöðlak. | séra Hallgrímur Sveinsson. |
| 228. | ——— Sveinsson, járnsmiður | |
| 229. | ——— Tómasson, ——— | |
| 230. | ——— Guðmundsson, múrari | |
| 231. | ——— Þorsteinsson, Litlakot. | |
| 232. | Þorvaldur Klængsson, Loptsbæ | |
| 233. | Þorvarður Erlendsson, Hlíðarh. | |
| 234. | Georg Thordahl, assistent | séra Hallgrímur Sveinsson. |

Voru svo atkvæði talin saman, og hafði séra Hallgrímur Sveinsson hlotið 22 atkvæði, en Alexíus Árnason 8 atkvæði; og lýsti kjörstjórnin því yfir, að Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson væri rjett kjörinn niðurjöfnunarnefndarmaður til eins árs í stað Magnúsar Þorvaldssonar á Grímsstöðum.

Fundi slitið.

L.E. Sveinbjörnsson. H.Kr. Friðriksson. Magnús Stephensen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1858 fimmtudaginn 18. dag ~~júlí~~ Oktober mánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Var áætlunin fyrir árið 1878 um tekjur og útgjöld bæjarins tekin til 2. umræðu. Ekkert breytingaratkvæði hafði verið borið upp. Var síðan áætlunin borin undir atkvæði, og hver einstakur liður hennar og hún í heild sinni samþykkt, í einu hljóði með 8 atkvæðum.

2. Þá skýrði formaður frá, að samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar hefði Efriholtsblettur verið boðinn upp til erfðafestu, og hefði verið boðnar í hann 29 álnir af herra G. Lambertsen, en fyrir Austurvöll, sem verið hefði boðinn upp til 4 ára, hefði verið boðnar 45 kr. árlega með því skilyrði, að leigjandi hjeldi göngunum hreinum fyrir öllum arfa og grasi. Hæstbjóðandi var póstmeistari Ó. Finsen. Voru boð þessi samþykkt, en því skyldi lýst yfir við Ó. Finsen, að bæjarstjórnin mundi ganga ríkt eptir, að uppboðsskilmálunum væri fullnægt.

3. Í brjefi 15. þ. m. kvartar kaupmaður H. C. Robb yfir því, að fátækranefndin vilji eigi greiða sjer nema 20 kr. af ~~...~~ verði bæjar Jóns Ingimundarsonar, 80 kr., en vildi taka hitt upp í ógoldin bæjargjöld hans. Formanninum var falið á hendur að greiða úr þessu máli.

4. Jón Borgfirðingur og Guðmundur Erlendsson kvarta í brjefi 16. þ. m. yfir því, að vatn renni ofan af hallanum hjá Hliðarhúsunum ofaní garða sína, og skemmi húsin þeirra, og óska að renna verði gjört með fram veginum að norðanverðu. Veganefndinni var falið á hendur að segja álit um mál þetta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja fyrir heitins Arasonar biður í bréfi 18. þ. m. um, að sjer verði eptirgefið, að minnsta kosti helmingur af aukaútsvari því, sem lagt var á mann hennar fyrir árið 1877, og var henni veitt eptirgjöf á 2 þriðjungum gjaldsins.

6. Þá las formaður upp bréf frá Ingenieur Rothe dags. 20. f. m., þar sem Rothe sendir áætlun um kostnað við hafnargjörð hjer í Reykjavík, ásamt uppdráttum yfir hafnargjörðina, og heimtar Rothe fyrir þetta verk sitt 3290 kr. Eptir nokkrar umræður varð sú niðurstaðan, að bæjarstjórnin neitaði alveg um þessa borgun; en bæjarfógetinn skyldi senda honum uppdráttina aptur, en segja honum jafnframt, að bæjarstjórnin mundi greiða honum hæfilegt gjald fyrir áætlunina, nokkur hundruð krónur.

7. Helgi snikkari Jónsson og Helgi snikkari Helgason höfðu skýrt frá, að þeir vildu láta til lóð undir hinn fyrirhugaða veg fram með húsum þeirra, hinn fyrri með því skilyrði, að hann fengi 25 aura fyrir □alin og grindur fyrir kálgarð sinn fram með veginum, en vildi láta lóðina endurgjaldslaust, en áskildi sjer gripheldar grindur fyrir kálgarð sinn með fram veginum. Ákveðið var, að vegurinn skyldi vera 6 til 8 álna; og var veganefndinni falið að semja við Helga snikkara Jónsson um endurgjald fyrir lóðina, þó svo, að endurgjaldið færi eigi uppúr 25 aur. fyrir □alin, og sömuleiðis um grindurnar fram með veginum, og mætti borgunin eigi fara fram úr 1 kr. fyrir hverja alin.

Fundi slitið.

H. Sveinsson  Magnús Stephensen  H. Kr. Friðriksson  A. Thorsteinsson
Bergur Thorberg  Einar Þórðarson  G. Þórðarson  Ó. Ólafsson
Þ. Ólsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlun

um

## tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1878.

| | al. | Kr. | a. | Kr. | a. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur.** | | | | | | | |
| **A. Sjerstakar tekjur kaupstaðarins:** | | | | | | | |
| 1. Væntanlegar eptirstöðvar um nýár 1878 | | – | – | 800 | – | – | – |
| 2. Tekjur af eignum kaupstaðarins | | | | | | | |
| a. Leiga af túnum og lóðarpörtum eptir samningi, áætlað gjald eptir verðlagsskrár meðalverði 1250½ al. á 59 a. | | 738 | 8 | | | | |
| í peningum | | 133 | – | 871 | 8 | – | – |
| nefnilega: Skálholts- og Stöðlakotstún: | | | | | | | |
| 1. Norðurvöllur | 45½ | | | | | | |
| 2. Miðvöllur og Suðurvöllur | 85 | | | | | | |
| 3. Útnorðurvöllur | 74 | | | | | | |
| 4. Útsuðurvöllur | 50 | | | | | | |
| Vesturtún bæjarins | | | | | | | |
| 5. Ullarstofutún | 101 | | | | | | |
| 6. Biskupsstofutún | 71 | | | | | | |
| 7. Melshúsatún | 104 | | | | | | |
| 8. Melkotstún | 110 | | | | | | |
| Hlíðarhús með Ánanaustum. | | | | | | | |
| 9. Bletturinn № 1 | 60 | | | | | | |
| 10. — „ 2 | 108 | | | | | | |
| 11. — „ 3 | 119 | | | | | | |
| 12. — „ 4 | 43 | | | | | | |
| 13. — „ 5 + 6 (4 ára leigum. frá fard. 1876) | 30 | | | | | | |
| 14. Ánanaust | „ | 16 | | | | | |
| Ýms tún og blettir | | | | | | | |
| 15. Sefið í Tjarnarenda | 25 | | | | | | |
| 16. Móhúsatún | 54 | | | | | | |
| | ℔ 1079½ | 16 | | ~~167~~ 1671 | 8 | – | – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1878.

| | álnir | Kr. a. | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| Flutt | ⱡ 1079½ | 16 — | 1671 8 | — — |
| 17. Túnauki við Móhúsatún | 30 | | | |
| 18. Thomsens tún | 60 | | | |
| 19. Grænuborgarbletturinn | 10 | | | |
| 20. Viðaukabletturinn við Brennu | 1 | | | |
| 21. — " — við Grund | 4 | | | |
| 22. Efraholtsbletturinn | 18 | | | |
| 23. Neðraholtsbletturinn — áætlað — | 20 | | | |
| 24. Viðaukabletturinn við Sauðagerði | 14 | | | |
| 25. Prinsbletturinn á Melunum | " | 10 — | | |
| 26. Stekkjarkotstún | " | 8 — | | |
| 27. Gamli kirkjugarðurinn | " | 33 — | | |
| 28. Kálgarður hjá prentsmiðjunni | — | 6 — | | |
| 29. Austurvöllur | " | 60 — | | |
| 30. Viðaukabletturinn við Garðana | 10 | | | |
| 31. — " — — Nýjabæ | 4 | | | |

Væntanlegt meðalverð á alin áætlað 59a

Athugasemdir:

Nr 14: Ánanaust er að eins uppá árs leigumála og gjaldið áætlað 16 krónur

— 27. Gamli kirkjugarðurinn leigður fyrir 34 kr. árl. til fardaga 1883; afnumin spilda undir götu haustið 1876, rýrnun í eftirgjaldi við það 1 kr.

— 28. Kálgarðurinn hjá prentsmiðjunni var leigður 1877 fyrir 6 kr. og er hér áætluð sama leiga.

— 29. Austurvöllur. Hér er gjört ráð fyrir að völlurinn verði seldur á leigu eins og að undanförnu og leigan áætluð 60 kr. —

Bæjarsjóðurinn á í vændum afgjald af túnum þeim og lóðarblettum er nú skal greina

a. Efraholtsbletturinn útmældur 18. Febr. 1858 eptir —

b. Fjelagsgarðurinn, eptirgjaldslaus í 80 ár frá 9/6 48

b. Tollur af mó eptir samþykkt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur, áætlaður

| | álnir | Kr. a. | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| áætlaður | — | — | 200 — | — |
| | ⱡ 1250½ | 135 — | 1871 8 | — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. a. | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| Flutt | | 1871 8 | |
| c. Leiga eptir Litla-Bergstaði, leigtir uppá 5 ár frá 14. Maí 1875 fyrir um árið ........ | — — | 40 — | |
| d. Tekjur af vatnsbólum kaupstaðarins ... | — — | 50 — | |
| e. Óvissar tekjur (leiga af almbólum) m. m. ..... | — — | — — | 1961 8 |
| **B.** Sjerstakar tekjur fátækrasjóðsins | | | |
| 1. Vextir af arðberandi skuldabrjefum .... | — — | 36 — | |
| 2. Tíund til fátækra | | | |
| a. Fasteignartíund ............ | 40 — | | |
| b. Lausafjártíund ............... | 190 — | 230 — | |
| 3. Sektir til fátækra og gjafir ........... | — — | 30 — | |
| 4. Hundaskattur ........................ | — — | 30 — | |
| 5. Andvirði fyrir seldar vinnur sveitarómaga .... | — — | 50 — | |
| 6. Ymis óviss gjöld, þar í lán, sem kunna að greiðast eptir ........................ | — — | 500 — | 876 — |
| **C.** Sjerstakar tekjur barnaskólans | | | |
| 1. Væntanleg leiga af húsum skólans .......... | — — | 200 — | |
| 2. Væntanlegir skólapeningar ........... | — — | 750 — | 950 — |
| **D.** Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna tekjustofna: | | | |
| 1. Tollur af timbur- og múrhúsum samkvæmt reglugjörð 27. Nóv. 1846, 1/3 af útgjöldunum undir I. og II. í þarfir kaupstaðarins sjálfs ...... Kr. 7520.03 | | | |
| Þar frá dregst væntanlegar eptirstöðvar ... 800 — | | | |
| Verða eptir Kr 6,720.03 | | | |
| ~~Eptir lóðargjald~~ hvar af 1/3 er — — | 2240 1 | | |
| Eptir lóðargjaldslistanum fyrir 1877 voru í kaupstaðnum af byggðri lóð — — 45,930 □ al. | | | |
| Viðbót frá 1. okt. 1876 til 1. okt. 1877 saml. 818 " | | | |
| Saml. 46748 | | | |
| Á hverja □alin af byggðri kaupstaðarlóð falla 4,8 aurar. | | | |
| 2, Tollur af óbyggðri kaupstaðarlóð | | | |
| Eptir lóðargjaldslistanum fyrir 1877 voru eptir af óbyggðum lóðum kaupstaðarins — 139595 □ al. | | | |
| Rýrnun á óbyggðri lóð — 818 " | | | |
| Eptir 138,777 □ al. | | | |
| Flutt | 2240 1 | | 3787 08 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. | a | Kr. | a | Kr. | a |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flutt = | 2240 | 1 | " | " | 3787 | 8 |
| 138,777 □ al. | | | | | | |
| Hjeraf greiðist 0,8 e. af hverri □ alin — — — | 1110 | 22 | | | | |
| 3. Tollar af tómthúsum samkv. opnu bréfi 26. Sept. 1860 — — — — — 1897 al. á 59 a. | 1119 | 23 | 4469 | 46 | | |
| 4. Gjald eptir efnum og ástandi, er ber að jafna niður með 5–10% meira eptir 13. gr. samþykktarinnar — | — | | 8405 | 49 | 12874 | 95 |
| Tekjur samtals | | | | | 16662 | 03 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjöld:

| | Kr. | a. | Kr. | a. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I. Til hins opinbera** | | | | | | |
| 1. Tíund til prests af eignum kaupstaðarins — | - | - | 3 | 33 | | |
| 2. Búnaðarskólagjald — | - | - | 2 | 67 | 6 | - |
| **II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins** | | | | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | | | | |
| a. Laun embættismanna og eptirlaun: | | | | | | |
| α. Laun bæjargjaldkera — Kr. 200,00 | | | | | | |
| β. Styrkur til Árna Gíslasonar fyrrum lögregluþjóns — " 100,00 | 300 | - | | | | |
| b. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss, hiti og fleira | 160 | - | | | | |
| c. Til fangavarðar — | 88 | 34 | | | | |
| d. Sendiferðir í þarfir kaupstaðarins — | 50 | - | | | | |
| e. Umsjón með landeign kaupstaðarins — | 150 | - | 748 | 34 | | |
| 2. Til lögreglu: | | | | | | |
| a. Laun og eptirlaun: | | | | | | |
| α. Laun hins fasta næturvarðar kr 440,00 | | | | | | |
| β. Til yfirhafnar — " 20,00 | | | | | | |
| γ " aukanæturvörslu — 260,00 | 720 | - | | | | |
| b. Kostnaður við sakamál og gjafsóknarmál — | 100 | - | | | | |
| c. Önnur útgjöld — | 10 | - | 830 | - | | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana, guðsþjónustu og fleira: | | | | | | |
| a. Styrkur til sjúklinga — | 100 | - | | | | |
| b. Laun yfirsetukvenna — | 200 | - | | | | |
| c. Til forsöngvara í dómkirkjunni — | 29 | 66 | | | | |
| d. Önnur útgjöld, þar á meðal gjæzla á sigurverki | 48 | - | 377 | 66 | | |
| 4. Til vegabóta, aðgjörða á strætum m. m. — | - | - | 1000 | - | | |
| 5. " þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna — | - | - | 400 | - | | |
| 6. " vatnsbólanna — | - | - | 300 | - | | |
| 7. Slökkvitól bæjarins og slökkvilið — | - | - | 200 | - | | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins — | - | - | 500 | | | |
| 9. Árgjald af Hlíðarhúsum: | | | | | | |
| a. Til prestsins á Helgafelli | 170 | - | | | | |
| b. Til ekkjufrúar E. Thorsteinsen — | 130 | | 300 | - | | |
| Flutt — | | | 4656 | - | 6 | - |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Kr. | a. | | Kr. | a. | Kr. | a. | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Flutt — | „ | „ | 4656 | „ | 6 | „ |
| | | 10. Vextir og afborganir af lánum: | | | | | | |
| | | a. Lán af Thorchilliisjóði samkv. Stiptamtsbr. 3/5 69. | | | | | | |
| 6 | „ | og 3/12 65, eins árs renta til 11/6 78 af 400 Kr — | 16 | „ | | | | |
| | | b. Lán til aðgjörðar á barnaskólanum samkv. ráðherrabréfi 4/5 62. upprunalega 3200 Kr er ávaxtast og afborgast með 6%. — 16. afborgun — | 192 | „ | | | | |
| | | c. Lán til Kleppshúsavegsins samkv. ráðherrabr. 17/6 68 að upphæð 800 Kr., er afborgast í sama hátt frá 1/1 69, — — 10. afborgun. — — — | 48 | „ | | | | |
| | | d. Lán til þjóðvegar, er samkv. Landshöfðingjabréfi 29/5 73 afborgast og ávaxtast frá 1/1 74 með 6%, að upphæð 800 Kr., — 4. afborgun — | 48 | „ | | | | |
| | | e. Lán til þjóðvegar samkv. Landshöfðingjabréfi 29/5 73, að upphæð 1000 Kr. af láninu borgast enn að eins vextir 4% — — — | 64 | „ | | | | |
| | | f. Lán út af þinghússbyggingu 5000 Kr. og hluttekning í kostnaði við fangahús 3271 Kr 10 a, samtals Kr. 8271-10, er samkvæmt Landshöfðingjabréfi 16/5 73 afborgast á 15 árum samfleytt með 1/15 á ári og ávaxtast með 4% | | | | | | |
| | | 5. afborgun — Kr. 551-41 | | | | | | |
| | | Vextir af Kr. 6065,46 „ 242,62 | 794 | 03 | | | | |
| | | g. Lán til aðgjörðar á Austurvelli og Austurstræti samkvæmt Landshöfðingjabrjefi 1/10 74 að upphæð 10,000 Kr., lán þetta ávaxtast og afborgast með 6%. — 3. afborgun. — | 600 | „ | | | | |
| | | h. Lán handa skólavörðunni samkvæmt ráðherrabrjefi 3/5 71, að upphæð 400 Kr., rentur af því 4% — — — | 16 | „ | | | | |
| | | i. Lán tekið úr Hafnarsjóði 25/12 76 til ljóskera; rentur af því 4% — — | 80 | „ | 1858 | 03 | | |
| | | 11. Til áhalda, aðgjörðar og útvegunar á þeim - - | „ | „ | 50 | „ | | |
| | | 12. Óvænt og óviss útgjöld — — — — | „ | „ | 250 | „ | | |
| | | 13. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok - - | „ | „ | 700 | „ | 7514 | 3 |
| 6 | „ | Flutt | „ | „ | „ | „ | 7520 | 3 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. | a. | Kr. | a | Kr. | a |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flutt | " | " | " | " | 7520 | 3 |
| III. Útgjöld fátækrasjóðsins: | | | | | | |
| 1. Til aðstoðar og framfæris þurfamönnum: | | | | | | |
| a, Framfæri sveitarómaga | 4380 | " | | | | |
| b, Til þurfamanna | 1452 | " | | | | |
| c, " vitstola | 400 | " | | | | |
| d, " greptrunar sveitarómaga | 100 | " | | | | |
| e, " lögflutnings á sveitarómögum | 20 | | | | | |
| f, Önnur útgjöld (þar í fátækralögs) | 100 | " | 6452 | " | | |
| 2. Önnur útgjöld | " | " | 40 | | 6492 | " |
| IV. Til barnaskólans: | | | | | | |
| 1. Laun: | | | | | | |
| a, Laun hins fasta kennara | 1000 | " | | | | |
| b, Aukaþóknun til sama fyrir 1878 | 200 | " | | | | |
| c, Til aukakennslu | 800 | | 2000 | " | | |
| 2. Hús skólans, áhöld, brunabótur o. fl. | | | | | | |
| a, Viðhald á húsinu | 200 | " | | | | |
| b, Áhöld | 50 | " | | | | |
| c, Brunabótur og húsaskattur | 100 | " | | | | |
| d, Eldiviður og ljós | 220 | " | 570 | | | |
| 3. Ýmis útgjöld, svo sem til ritfanga, þvottur á skólahúsinu o. fl. | " | " | 80 | " | 2650 | " |
| Útgjöld samtals | " | " | " | " | 16,662,03. | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 1. dag nóvembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Var lagt fram beiðni tveggja manna um eptirgjöf eða lækkun á kennslueyri, 1. Torfa prentara um, að kennslueyrir tveggja barna hans yrði að eins 20 kr., og var því neitað. 2. Bjarna skóara, sem beiddist ókeypis-kennslu fyrir 1 barn, og var því sömu beiðni neitað. + Bfj. N 507.

2. Jón Árnason leitaði í brjefi 26. september samþykkis bæjarstjórnarinnar til að búa til kálgarð í túni sínu sunnan frá Stöðlakotsgarði inn, og var það samþykkt með þeirri viðbót, að garðurinn fylgdi túninu sem partur þess. +

3. Þá var lögð fram beiðni nokkurra túneiganda, dags. 8. þ.m., um að gjöra veg suður að ~~Stöðlakoti~~ Skálholtskoti og þar suður úr, til að greiða flutninga að og af túninu. En bæjarstjórnin taldi hvorki nóga ástæðu til að veita fje til þessarar vegagjörðar, enda hefði hún ekkert fje til þess; aptur á móti var þeim leyft að gjöra við veginn á sinn kostnað, þó svo, að aðrir væru eigi á eptir útilokaðir frá að nota hann. + Bfj. N 1537.

4. Jón Jónsson prentari beiddist, í brjefi 31. þ.m. 2 króna borgun fyrir að mála skjald á hús S. Melsteðs orðið Lækjartorg, sem hann hefði gjört eptir beiðni S. Melsteðs. Bæjarstjórnin neitaði þessari beiðni. +

5. Í brjefi 29. dag októbermánaðar þ.á. beiddust ýmsir Skuggahverfisbúar, að vegur yrði gjörður frá Vegamótum og niður að Klapparvör, og lofuðu þeir sínu dagsverki hver. Bæjarstjórnin vildi eigi ákveða neitt um málið að sinni, en veganefndinni var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

salið, að segja álit sitt um málið, og hvar veginn skyldi helzt leggja.

6. Var lögð fram uppástunga brunamálanefndarinnar um ýmisa fyrirliða við ~~slökkvi~~liðið, og voru þær uppástungur samþykktar, að því undanskildu, að honum þótti ísjárvert, að hafa skipstjóra fyrir flokksstjóra, með því að þeir væru svo opt fjærverandi, og ákvað að skora á brunamálanefndina, að ~~stjóra~~ stinga upp á öðrum í stað þeirra tveggja, er hún hafði stungið upp á, Jóns Gunnlögssonar og Jóhanns Jóhannssonar.

7. Þá skýrði veganefndin frá, út úr beiðni Guðmundar Erlendssonar og Jóns Borgfjörðs um rennu meðfram lóð þeirra, að þeim ýmissa orsaka vegna eigi gæti ráðið til þessarar rennulagningar; og fyr en gæti um það verið að ræða, þá yrði að flytja burt móhlaða þá, sem stæðu fyrir vestan Hlíðarhús og beiðendur að gjöra garð með fram kálgörðum sínum að sunnanverðu, og fjellst bæjarstjórnin á skoðun veganefndarinnar.

Fundi slitið.

Í forföllum bæjarfógetans eptir beiðni hans.

Magnús Stephensen. H. Kr. Friðriksson. J Steffensen

Thorstensen Olafsen G. Þórðarson

Ár 1877, fimmtudaginn 15. dag nóvembermán., átti bæjarstjórnin fund með sjer, og gegndi Magnús Stephensen formannsstörfum í veikindaforföllum bæjarfógetans.

1. Þess var getið í fyrsta lagi, að Skuggahverfingar hefðu boðist til, að gjöra veg þann, sem þeir hefðu beðið um niður um Skuggahverfi niður að Klapparvör, sem væri 160 faðmar, gegn 500 króna borgun úr bæjarsjóði, og gegn því, að þeir fengju 100 kr. fyrir nýár, en hinar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

400 á ári, en [á næsta ári] beiddust, að mega byrja á vegagjörð þessari nú þegar; lóðin, sem undir veginn gengi, skyldi vera bæjarsjóðnum kostnaðarlaus. Eptir nokkrar umræður var boð þetta samþykkt, og var veganefndinni falið, að ákveða vegarstefnuna og gjöra samning við þá, sem boðizt hafa til að gjöra veginn.

2. Guðbrandur Guðbrandsson beiddi um breyting á stígnum að brunninum í garði hans; og var veganefndinni falið það mál til íhugunar til næsta fundar.

3. Egill Egilsson hafði í brjefi 12. þ. m. beiðzt þess, að leiðrjett verði lóðargjald sitt í fyrra, og það gjald yrði eigi tekið lögtaki, er hvíldi á þeirri lóð, sem hann þá þegar hefði verið búinn að afhenda; sbr. fund. 18. janúar 1877, en formanninum var falið á hendur, að gjöra það, sem nauðsyn bæri til í þessu efni.

Öðrum málefnum, sem fyrir skyldu koma, var frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Í forföllum bæjarfógeta
Magnús Stephensen. H. Kr. Friðriksson. Einar Þórðarson.
Joh. Olsen. G. Þórðarson. Ó. Ólafsson. Bergur Thorberg
A. Thorsteinsson

Ár 1877, mánudaginn 3. dag desembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Formaðurinn skýrði frá, að landshöfðinginn hefði skrifað sjer frá, að Rothe, sem gjöra skyldi áætlun um hafnargjörð hjer í Reykjavík, hefði falið sjer á hendur, að semja við bæjarstjórnina um endurgjald fyrir verk sitt; sbr. fund 18. dag októberm. þ. á., og samþykkti hann það, sem landshöfðinginn gjörði í þessu máli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir nokkrar ~~uppástungur~~ umræður, var, að uppástungu [með samþykkt hafnsögunefndarinnar,] samþykkt, að greiða Rothe 500 Kr. úr hafnarsjóði fyrir verk sitt, með því móti; að bæjarstjórnin fengi alla uppdrættina og skjölin, sem sína eign.

2. Þá gat forseti þess, að mál það, sem höfðað hefði verið gegn bæjarstjórninni út úr lóðarspjalli í Selslóð, væri nú komið fyrir yfirrjettinn, og bar það undir bæjarstjórnina, hvort hún vildi eigi kjósa einhvern mann til að flytja málið fyrir yfirrjetti, og var það samþykkt, að fá málaflutningsmann Guðmund Pálsson til þess, gegn 20 Kr. borgun.

3. Því næst var ákveðið eptir uppástungu bæjarfógetans að fresta hinum reglulega fundi til þriðjudags í næstu viku, hins 11. þ. m. –

Fundi slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. H. A. Fredriksen. Einar Þórðarson. J. Steffensen
Joh. Olsen. Bergur Thorberg. A. Thorsteinsson
Ó. Pálsson. G. Þórðarson. Magnús Stephensen.

Ár 1877, þriðjudaginn 11. dag desembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Formaðurinn bar þá fyrst undir bæjarstjórnina aðfinningar endurskoðunarmannanna við reikninga bæjarsjóðsins, og las þær upp ásamt svörum gjaldkerans.

A 2. b. a) Við 1. gr. var úrskurðað, að fela formanninum, að leggja svo fyrir, að Ólafur Guðmundsson gefi hinar vantandi skýrslur fyrir árslok.

2. gr. b) ~~I~~ B. 2 a. úrskurðað til athugunar framvegis.

c) – B 2 b. úrskurðað til athugunar eptirleiðis

d. 3. gr. B 3. ~~Men verða~~ lagfært að svo miklu leyti auðið er.

4. gr. B.4. Hvað meðtu leyti nú lagfært, og það sem eptir er ógreitt, mun verða greitt fyrir nýár, að svo miklu leyti sem auðið er. Athugasemdin fellur því burtu.

5. — B.5. Fellur burt sem leiðrjett.

6. — Úrskurðast, að láta standa við svo búið að þeim sinni, er hafa götur á því framvegis.

7. gr. III,1,a. Bæjargjaldkera berað taka til inntekta í bæjarsjóð í reikning 1877 þær 9 Kr., sem hjer ræðir um.

8. gr. III,1,b Specificeraðan reikning ber að útvega, og leggja við reikninginn.

9. gr. III,1,b. Fellur burtu, með því meðlagið var aukið.

10. gr. III,2. Fellur burtu, með því lánið var veitt af bæjarstjórninni.

11. gr. Með því að nauðsyn bar til sökum ástæðanna að brúka meira fje en áætlað var, þar sem þessar greinir eru því nær allar eptir ágizkun í áætluninni, þá verða þessar athugasemdir endurskoðunarmanna einungis til skýringa. Þar sem stendur í niðurlagi athugasemdanna við þessa grein, þegar hún er borin saman við 12. gr., að bæjarsjóður hafi við árslok verið í peningaþroti um 3659 Kr. 69 aur., þá er þessu varið á annan veg, með því að hann þvert á móti átti á annað þúsund krónur.

12. gr. Samkvæmt því, sem tekið er fram við 11. gr. fellur þessi athugasemd burtu.

13. gr. Fellur burtu, með því meðlagið var greitt eptir samningi.

14. gr. Er einungis ritvilla fyrir III.1. b.

15. gr. Dannebrogsmanni G. Zoëga greiðist 2 aurar úr bæjarsjóði; 75 aurar nemist úr. eptir eptirstöðunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. gr. Leidrjett, og fellur því burtu.
17. — Verdur tekid til greina eptir föngum.
18. — Til athugunar vid endurskodun næsta reiknings.
19. — Til umhugsunar.

2. Í brjefi 31. októb. 1877 leyfir landshöfdingi bæjarsjód að ~~kaupa~~ taka 2000 kr. lán til að kaupa lódarviðbót vid barnaskólann.

3. Valgardur Breidfjörd bidur í brjefi 11. dag des. að bæjarstjórnin nemi úr gildi ~~te~~ úrskurd byggingarnefndarinnar, að ~~grafa~~ ískjallara fyrir nedan og vestan hús Gudmundar Erlendssonar. En sökum skýringa formannsins var málinu vísad frá að svo stöddu.

+ 4. Sveinn Bjarnason endurnýjar bón sína um endurgjald fyrir stíg hans að ~~S~~Landagerdi. En slíku endurgjaldi var synjad.

+ 5. Spurar bænir voru komnar um ~~niedur~~settt kaup fyrir kennslu í barnaskólanum, en því máli var frestad.

+ 6. Kristján Gíslason bidur um frestun á greidslu bæjargjalds síns þetta árid. En það gat eigi ordid veitt.

+ 7. Runólfur Runólfsson bidur í brjefi 23. nóvember leyfis að byggja hús á lód þeirri, sem Ólafi Ólafssyni hafi verid útvísad; en málinu var vísad til bygginganefndarinnar.

8. Sigurdur Þórdarson bidur, í brjefi 13. dag nóvembermánadar þ. á. um eptirgjöf á gjaldi eptir óbyggda lód sína. Var samþykkt að fella gjaldid burtu, svo framarlega sem gjaldid eigi hafi verid beinlínis áskilid vid útmælinguna, bædi þetta ár og framvegis.

9. Loks var samþykkt uppástunga allrar(?) vodanefndarinnar, að í stað Emils Halls,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farinn er burtu úr bænum skyldi kosinn slökkviliðsstjóri gullsmiður Páll Þorkelsson, og í stað Sigurðar Vigfússonar gullsmiðs, bókhaldari Böðvar Ólafsson.

Fundi slitið

[illegible] M. Friðriksson. Einar Þórðarson.

Steffensen Jóh. Olsen G. Þórðarson Ó. Ólafsson

Ár 1877, fimmtudaginn 20. dag desembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

\+ 1. Torfi prentari Þorgrímsson endurnýjar í brjefi sínu 13. dag nóvembermánaðar bón sína um linun á barnaskólagjaldi fyrir 2 börn sín þetta skóla-ár. Svo var niðurstaðan, að honum veitt þriðjungs-linun í gjaldinu frá nýjári; en hann skyldi gjalda fullt gjald fyrir hinn liðna tíma.

\+ 2. Bjarni skóari Jónsson endurnýjar í brjefi 28. f.m. bón sína um kauplausa kennslu í barnaskólanum handa syni hans Sigurði Valdimar, og var það veitt frá nýjári.

\+ 3. Teitur Teitsson biður í brjefi 11. þ.m. um kauplausa kennslu handa dóttur sinni Vigdísi, 12 ára, og var það sömuleiðis veitt frá nýjári.

\+ 4. Sjera Hallgrímur biður í brjefi 11. þ.m. að bæjarstjórnin veiti Otta Egilssyni á Seli kauplausa kennslu í barnaskólanum, en með því faðirinn hefur þegið af sveit, bæði í fyrra og nú, var það talið sjálfsagt.

× 5. Páll Eyjólfsson mótmælir í brjefi 12. þ.m. leigusölu á túnblettinum við hús hans; en með því það mál var þegar afgjört, varð ekkert tillit til þess tekið.

\+ 6. Jakob Steingrímsson biður í brjefi 5. þ.m. um frest á gjaldi sínu til bæjarins fyrir þetta árið,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því að hann mætti eigi núka net þau, sem tekin hefðu verið lögtaki hjá sjer upp í gjaldið. Eptir nokkrar umræður var samþykkt, að veita honum frestinn, þó svo, að hann hvorki selji eða veðsetji netin öðrum, en nota má hann þau til fiskiveiða, ef hann þarf.

7. Þá voru lagðar fram ymsar virðingagjörðir á húsum og bæjum.

a) skúr með hálfþaki hjá Guðbrandi Guðbrandssyni metinn á — 60 kr.

b. ~~Hús~~ Bær í Grjótagötu Eiríks Ásmundssonar virtur upp að nyju með viðbót — 501 kr.

c. Hús í Grjótagötu tilheyrandi Eiríki Ásmundsyni, fyrverandi lítið c. 113 í Aðalstræti — 240 kr.

d. Hlutaveltu-skúrinn öll endurmatin — 1704 —

e, Hús við 123 í Hafnarstræti, P. C. Knutzons eign. — 600 kr.

f. Geymsluhús við Kalkofninn — 450 —

g. Sydstibær (bær Gunnlaugs Hall-dórssonar) í Þingholtunum. — 372 kr.

og voru virðingar þessarar samþykktar.

× 8. Í brjefi ~~16~~ 19. þ. m. endurnýjar Valgarður Breið-fjörð bón sína um stæði undir íis-kjallara (sbr. síðasta fund), með því að bygginga-nefndin hefði nú synjað sjer um ~~útmæ~~ útmælingu á þeim stað, sem hann hefði um beðið. A. Thorsteinson stakk upp á, að vísa málinu til bygginganefndarinnar, og var það samþykkt, en hún samþykkti, að öðru leyti, að svæðið verði útvísað. ~~at~~

× 9. Geir Zoëga kvartaði í brjefi 18. þ. m. um lóðargjald sitt af óbyggðri lóð fyrir utan bæjarlóðina (tómthúslóðargjald). Niðurstaðan varð sú, að svara því, að G. Zoëga yrði að gjöra nákvæmari grein fyrir, hvaða lóðir þær væru, sem hann ætli að hann eigi að vera laus við gjald af, en fyr gæti bæjarstjórnin ekkert við málið gjört.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Landfógeti A. Thorsteinsson stakk upp á, að gjöra þegar ráðstafanir til að lóðargjaldið yrði krafið þegar nærla ár eptir hinni nýju löggjöf 22. októbermánaðar þ. á. Eptir nokkrar umræður ~~umræður~~ var sú uppástunga; að leita álits landshöfðingja um, hvernig skilja eigi þetta atriði; ~~en sú uppástunga~~ ~~var~~ felld, með 5 atkvæðum gegn 4.

Fundi slitið.

~~[illegible]~~ H. Kr. Friðriksson Einar Þórðarson Magnús Stephensen
Bergur Thorberg Steffensen G. Þórðarson Jóh. Olsen
Ólafsson A. Thorsteinsson

Ár 1878, fimmtudaginn 17. dag Jan. febrúarmánaðar átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Guðmundur Magnússon biður í brjefi annan þ. m. um styrk til kennslukaups fyrir eitt barn, og var það samþykkt, að hann fengi kauplausa kennslu það sem eptir væri af skóla-árinu.

2. Jón verzlunarstjóri Steffensen kvartar í brjefi 3. þ. m., um, að fátækrastjórnin hefði samið við hlutaveltuna um þau matvæli, sem hún þyrfti til fátæklinga í vetur, með töluvert þrengri kostum, en hann hefði boðizt til að láta vörurnar úti: A. Thorsteinsen gjörði þá uppástungu að vísa málinu til fátækranefndarinnar með þeim ummælum, að bjóða þessar tillögur til fátækranefndarinnar ~~þær~~ flestum kaupmönnum, helzt opinberlega, og var það samþykkt.

3. Í brjefi dags. 13. þ. m. biður Krüger apothekari um reit af kirkjugarðinum gamla næst húsum hans. Eptir nokkrar umræður, var ~~annars~~ afráðið, ~~að vísa málinu~~ til ~~byggingarnefndarinnar til álita, en þeirri uppástungu var hrundið. En samþykkt~~ að fresta málinu til þess bæjarstjórnin gat [illegible] yfir það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Yfirsetukonurnar beiddu í brjefi 16. dag þ. m.
um, að bæjarstjórnin vildi veita þeim það fje, sem
þær ~~hefur~~ hafa misst við hin nýju yfirsetukvenna-
lög, þ. e. 100 kr. 66 a. báðar. Eptir nokkrar umræður var
samþykkt, að þær yfirsetukonur, sem nú eru,
skyldu framvegis fá hin sömu laun, sem
þær höfðu 1874, þó þannig, að þær fjellu frá
þeim kröfum, sem þær samkvæmt lögunum
hafa til 3 kr. borgunar úr bæjarsjóði fyrir hverja fátæka
konu sem þær sitja yfir. þar

5. Þá voru lagðar fram þessar virðingargjörðir á
húsum:
a, húsi Sveins snikkara Sveinssonar með 3,100 kr.
b, húsi á eign bakara Jensens — 3900 —
og voru þessar virðingar samþykktar.

6. Þá var lagður fram reikningur frá Magn-
úsi Jónssyni í Bráðræði fyrir lenginguna á jarð-
bor. 9 kr., en þeim reikningi var frávísað, sem
bæjarstjórninni óviðkomandi.

7. Því næst var ákveðið, að skorað skyldi á vega-
nefndina, að sjá um, að allir brunnar væru
hreinsaðir og öll vatnsból bæjarins.

Fundi slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. Einar Þórðarson. Steffensen
Bergur Thorberg A. Thorsteinsson G. Þórðarson Ól. Olsen
Ó. Ólafsson. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, laugardaginn 19. dag janúarmánaðar, átti bæjarstjórnin með sjer aukafund.

Skýrði þá formaður frá láti bæjargjaldkerans, kaupmanns O. Möllers, er dó í nótt, og bar undir nefndina hvernig að skyldi fara. Formanninum var falið á hendur, og þar hafnarnefndinni, að reyna að útvega gjaldkera nú fyrst um sinn, og voru til nefndir N. Zimsen, Jón Pálsson og Símon Johnsen

~~[illegible]~~ Fundi slitið

H. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. Magnús Stephensen. Mortensen
Ólafsson. G. Þórðarson Jón Olsen J. Steffensen
Einar Þórðarson

Ár 1878, fimmtudaginn, 7. dag febrúarmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Jón prentari Jónsson endurnýjar í brjefi 5. þ.m. beiðnina um framhald vegarins í efri Þingholtunum; en málinu var frestað.
2. Í brjefi dags. 29. janúar þ. á. kvartar presturinn yfir því, að sjer hafi eigi verið greidd tíund af fasteign bæjarins hin síðustu 5 árin, og sendir reikning upp á 23 kr. 17 aura, og voru honum ávísaðir þessir peningar þó með þeirri athugasemd, að hann framvegis verði að taka þetta gjald árlega; því að annars verði það eigi greitt.
3. Formaður gat þess, að kaupmaður Símon Johnsen hefði tekið að sjer að verða gjaldkeri bæjarins, og var það samþykkt, og skyldi honum gefast erindisbrjef.
4. Lagði formaður fram reikning frá verzlunarstjóri J. Steffensen, fyrir olíu til ljóskeranna, 490 kr. 18 aura, en með því skján væri eigi upp á öll enn brúkuð, bar formaður það undir bæjarstjórnina, hvort ávísa skyldi öllum reikningnum, og var það samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Þá kom fyrir umkvörtun frá Eiríki Ásmundssyni yfir bæjargjaldi sínu, og var ~~sú~~ kæra rædd, sem vandi er til, fyrir ~~opnum~~ lokuðum dyrum. Niðurjöfnunarnefndin hafði lækkað gjald hans úr 17 Kr. niður í 15 Krónur. Eptir nokkrar umræður var gjald hans lækkað niður í 10 Kr. með 7 atkvæðum gegn 2.

6. Í brjefi 21. f. m. skýrði niðurjöfnunarnefndin frá, að hún hefði gleymt að leggja upphaflega gjald á Björn Jónsson prentarasvein, en hefði síðar lagt á hann 7 Kr., og á hinn bóginn numið burtu gjald Guðríðar Danielsdóttur 4 Kr.

Fundi slitið.

H. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. A. Thorsteinsson. J. Steffensen

Ó. Ólafsson G. Þórðarson

Ár 1878 hinn 21. ~~janúar~~ febrúar átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Í brjefi 18. þ. m. óskaði Ó. Finsen, að bæjarstjórnin vildi láta bera möl ofan í gangana á Austurvelli, og sömuleiðis* hvort eigi væri ráðlegt, að mjókka gangana umhverfis völlinn innan grindanna. Eptir nokkrar umræður var ákveðið, að fresta málinu til næsta fundar.

2. Í brjefi 20. þ. m. biður Árni Björnsson um lausn frá lögregluþjónsstörfunum sökum veikinda, en að bæjarstjórnin veiti honum nokkur eptirlaun. Var ákveðið, að hann skyldi fá 1/10 hluta af þeim launum, sem hann hefði haft föst úr bæjarsjóði. Því næst var ákveðið að taka einhvern til reynslu að minnsta kosti um 2 mánuði, en fyrst um sinn skyldi Þorsteinn vaktari gegna þeim störfum, ef hann væri fáanlegur til þess.

Fundi slitið.

H. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. Magnús Stephensen A. Thorsteinsson

Bergur Thorberg

Einar Þórðarson. Jóh. Olsen

J. Steffensen G. Þórðarson Ó. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 21. dag marzmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 5. þ.m. kvartar Valg. Breiðfjörð yfir útmælingu byggingarnefndarinnar undir útkjallara, 21. d. febrúarm. á Hlíðarhúsalóðinni, og biður um stærra svæði, en út mælt hafði verið. Eptir ýmsar umræður varð sú niðurstaðan var útmæling byggingarnefndarinnar samþykkt, en að svo stöddu gæti hann eigi fengið meiri lóð, en útmælt hefði verið; en það gæti þá fyrst komið til álita, hvort hann gæti fengið meiri lóð, ~~er~~ hann ætlaði að fara að byggja meiri hús, en hann nú ~~hefur~~ ætlar til.

2. Í brjefi 6. þ.m. skýra yfirsetukonurnar hjer í bænum, að þær geti eigi afsalað sjer rjetti sínum til borgunar fyrir [yfirsetu hjá] ~~fátæklum~~ konum hjer í bænum, með ýmsu öðru, sem þær til færa, og auk þess hin sömu laun, sem þær nú hafa. Eptir ýmsar umræður var sú uppástunga, að þær fengju ~~að þær~~ hið sama, sem bæjarstjórnin hafði heitið, og borgun fyrir utansveitarkonur, en eigi fyrir innsveitiskonur, [samþykkt] ~~felld~~, og sömuleiðis sú, að bæjarstjórnin gengi alveg fram hjá þeirri spurningu, hvort þær fengju nokkra borgun fyrir yfirsetu fátækra kvenna, og stendur því hin eldri ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

3. Formaður skýrði frá, að út úr því, að honum hefði verið falið í haust, að semja við N. Zimsen um lóðina fyrir sunnan barnaskólann, sem er eign P. C. Knudtzons verzlunar, og skýrði hann frá í brjefi 9. þ.m., að hann hafi fengið leyfi eigandanna til að selja lóðina gegn 2000 kr. og með ýmsum nánari skilyrðum, sem í brjefinu eru tilgreind, og var samþykkt, að samninginn mætti fullgjöra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34

4. Forstöðunefnd hins svo nefnda Thorvaldsensfjelagsins biður um, að hún megi hafa í borgaraskólanum [struck] skólakennsluhanda stúlkubörnum 3 stundir daglega á rúmhelgum dögum, í mánuðunum apríl–júní, og var það leyft af bæjarstjórninni að hennar leyti, þó með þeim fyrirvara, að nefndin yrði að koma sjer saman við forman bæjarstjórnarinnar um afnot herbergjanna og umsjónarmanns ~~[struck]~~ byggingarhússins bæði viðvíkjandi þvotti og hreinsun og ýmislegt fleira.

5. Í brjefi dags. 6. þ. m. bendir landshöfðinginn á ýmislegt, er miður fari í reikningum bæjarstjórnarinnar árið 1876.

Fundi slitið.

[signatures:] L. E. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson.
Bergur Thorberg. A. Thorsteinsson. G. Þórðarson.
Magnús Stephensen. Ó. Ólafsson.

Ár 1878, fimmtudaginn 2. dag maímánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer.

1. Tekið til umræðu brjef Ó. Finsen 18. febr. þ. á. um gangana á Austurvelli, sbr. fund 21. febrúarm. H. Kr. Friðriksson gjörði þá uppástungu, að breiddar mál ofan í ganga eptir ~~fyrir~~ því, sem veganefndin segði fyrir um, og bæjarstjórnin borgaði helminginn af kostnaðinum, en leigjandi hinn helminginn, og skilaði svo göngunum í sama standi sem þeir eru eptir aðgjörðina. Eptir nokkrar umræður var uppástunga þessi samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Beiðni Lyfsala Krügers um viðbót við lóð sína af kirkjugarðinum var talin fallin burtu, úr því hann hafði eigi endurnýjað hana; en fógetinn skyldi þó vara því, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnin gæti eigi veitt beiðnina, enn og hún lægi fyrir.

3. Þá var tekin til umræðu bón Jóns prentara um framlengingu efra Þingholtsvegarins og var veganefndinni falið á hendur, að ~~tegg~~ skoða þennan veg, og segja álit sitt á næsta fundi.

4. Í brjefi 23. f. m. beiddist Jón Erlendsson á Grímsstöðum, að vegur yrði gjörður frá ~~garola~~ kirkjugarðinum og niður að Grímsstöðum. Eptir nokkrar umræður var málinu sleppt að þessu sinni.

5. Jón Þórarinsson biður í brjefi 4. febrúar þ. á. að hann megi fá hinn forna trantargarð í viðbót við lóð sína, og var samþykkt, að veganefndin skyldi rannsaka málið.

6. Í brjefi 6. f. m. endurnýjar Guðbr. Guðbrandsson beiðni sína um breytingu á skýinu að brunni hans, og var veganefndinni falið enn að nýju á hendur að íhuga málið til næsta fundar.

7. Í sambandi við þetta mál bauðst formaðurinn til að láta bæjarstjórnina fá brunninn, sem er við hús hans, ef hún vill gjöra hann að reglulegum brunni með pósti í, og var veganefndinni falið á hendur og íhuga það mál og til næsta fundar.

8. Þá var tekið fyrir skipun lögregluþjóns hjer í bænum, og hafði ekkert bónarbrjef um það komið nema frá hinum setta lögregluþjóni Þorsteini Jónssyni Magnúsi ~~Stephensen~~

